



MENNTAMÁLASTOFNUN

RAFRÆN SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF –  
ANNAR ÁFANGI

Skýrsla unnin í desember 2017

Höfundar:

Rósa Einarsdóttir

Guðrún Birna Einarsdóttir

## INNGANGUR

Með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, frá 21. desember 2015, var Menntamálastofnun falið að hefja vinnu við breytingar á lögbundnum samræmdum könnunarprófum í grunnskólum.

Verkefnið er þrjúþætt:

1. Innleiðing rafrænna samræmdra könnunarprófa í íslensku og stærðfræði sem haldin verða að hausti í 4. og 7. bekk grunnskóla.
2. Innleiðing rafrænna samræmdra könnunarprófa í íslensku, stærðfræði og ensku sem lögð verði fyrir á unglíngastigi.
3. Endurskoðun á innihaldi samræmdra könnunarprófa í ljósi hæfniviðmiða aðalnámskrár grunnskóla.

Hafist var handa við að skipuleggja þetta viðamikla verkefni með aðferðum verkefnastjórnunar. Gert var verkefniságríp, haghafagreining og samskiptaáætlun, skipað í teymi og samvinna á milli sviða tryggð.

Í septembermánuði 2016 lauk svo merkur áfangi í sögu íslenskrar menntunar þegar allir grunnskólar landsins lögðu samræmd könnunarpróf fyrir 4. og 7. bekk á rafrænu formi í fyrsta sinn. Um var að ræða fyrsta skrefið í átt að rafvæðingu þessara prófa, sem að þessu sinni fólst í að færa hefðbundin, línuleg próf frá pappír yfir í rafrænt umhverfi.

Þessari skýrslu er ætlað að greina frá framvindu fyrirlagna samræmdra könnunarprófa í 9. og 10. bekk vorið 2017 og leggja mat á hvað gekk vel og eins hvað betur mætti fara.

## ÆFINGAPRÓF

Menntamálastofnun ítrekaði mikilvægi þess að nemendur og kennarar fengju aðgang að æfingaprófum til að kynna prófakerfið fyrir nemendum. Fékk stofnunin því leyfi frá erlendum framleiðendum prófakerfisins til að gefa slík próf út fyrir 9. og 10. bekk. Æfingaprófin eru samsett úr nokkrum verkefnum svipuðum þeim sem nemendur geta búist við að sjá á rafrænu prófi. Engin takmörk eru á fjölda innskráninga og er þetta því kjörið tækifæri til að skyggjast inn í prófakerfið áður en prófdagur rennur upp. Annar kostur við æfingaprófin er að þau gefa kost á að prófa innskráningarferlið sem er nánast með sama hætti og innskráning í samræmdu könnunarprófin. Nemendur og kennarar geta enn fremur spreytt sig á æfingaprófunum jafnt í skólanum sem heima við.

## BREYTINGAR Á PRÓFUNUM

Rafræn próf gefa kost á að aðlaga próffyrirlögn að færni nemenda, svokölluð aðlöguð samræmd könnunarpróf, oft nefnd einstaklingsmiðuð próf. Slíkar prófanir krefjast skemmri próftíma til að meta færni nemenda með svipuðum eða betri hætti en hefðbundin próf. Menntamálastofnun stefnir að því að hefja einstaklingsmiðuð próf á næstu árum.

Skólum, fræðslustjórum og skólaskrifstofum var tilkynnt þann 27. febrúar um þá ákvörðun að færa ritun úr samræmdum könnunarprófum, eftir að rætt hafði verið um breytinguna m.a. á fundum með hagsmunaaðilum og á öllum þeim kynningarfundum sem haldnir voru í aðdraganda prófanna.

Einnig má nefna að breytingin sem gerð var á fjölda prófatriða sneri að því að þeim var fækkað til þess að forðast að nemendur lentu í tímahraki til viðbótar öðrum breytingum á prófunum. Þá breytingu hefði átt að tilkynna og auglýsa fyrir prófin. Niðurstöður um framvindu prófs hjá nemendum verða notaðar til að þróa prófin frekar í framtíðinni.

Sú staðreynd að prófútgáfur eru tvær var rædd ítarlega á öllum kynningarfundum og hún kemur fram í framkvæmdahefti. Notaðar eru fleiri en ein prófútgáfa, bæði til að auka próföryggi og til að taka frekari skref í þróun rafrænna prófa.

## FYRIRLAGNIR Í MARS 2017

### 9. OG 10. BEKKUR

Í reglugerð nr. 173, 2. mars 2017 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla eru samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku að vori í 9. bekk. Í reglugerð var ákvæði til bráðabirgða um að vorið 2017 skyldi einnig halda samræmd könnunarpróf í 10. bekk grunnskóla.

Fyrirlagnir prófa í 9. og 10. bekk fóru fram dagana 7.–10. mars í íslensku, ensku og stærðfræði. Prófunum var skipt í tvo hluta. Dagana 7. og 8. mars var fyrri hluti þeirra lagður fyrir og sá seinni dagana 9. og 10. mars. Í fyrri hluta var prófað í íslensku og ensku og í seinni hluta í stærðfræði og ensku. Skólastjóri ákvað hvaða dag nemandi þreytti próf, 7. eða 8. mars annars vegar og 9. eða 10. mars hins vegar. Skólastjórar höfðu svigrúm varðandi próftímann, bæði til að seinka og flýta prófi. Þannig gátu þeir brugðist við mismunandi aðstæðum á hverjum stað.

Framkvæmd fyrstu tvo daga fyriragnar gekk ágætlega fyrir sig. Þriðjudaginn 8. mars bárust stofnuninni 290 fyrirspurnir símleiðis og 86 fyrirspurnir bréfleiðis. Sneru þær helst að því að sumir nemendur höfðu ekki fengið réttan prófkóða fyrir stuðningsúrræði. Ástæðan var sú að í prófkóða var forritunarvilla sem ekki uppgötvaðist fyrr en í fyrsta prófi en var leiðrétt um leið. Starfsmenn Menntamálastofnunar leystu hvert mál fyrir sig í samvinnu við starfsfólk skóla.

Í nokkrum tilfellum komu upp vandamál þar sem hljóðskrár opnuðust ekki á réttan hátt. Ástæða þess var vegna uppsetningar tækja eða nettengingar skóla. Voru þetta atvik sem voru leyst samstundis og hömluðu ekki próftöku einstakra nemenda.

Miðvikudaginn 9. mars bárust 180 fyrirspurnir símleiðis og 112 bréfleiðis. Voru flestar fyrirspurnir vegna prófkóða.

Rétt er að hafa í huga að símtöl og skrifleg erindi skarast, þannig að ekki er endilega um einstök tilfelli að ræða.


Langflestar þessara fyrirspurna voru vegna prófkóða fyrir stuðningsúrræði og nokkrar fyrirspurnir tæknilegs eðlis varðandi tæknibúnað skólanna eða uppsetningu einstakra tækja.

## UM STUÐNINGSÚRRÆÐI

Í 9. bekk var 4.141 nemandi skráður og tóku samtals 3.747 nemendur próf, um 90%. Þar af nýttu sér 1.156 nemendur stuðningsúrræði með lengdum próftíma og upplestri. Það er u.þ.b. 31% af þeim sem tóku prófið.

Í 10. bekk voru 4.204 nemendur skráðir og tóku samtals 3.825 nemendur próf, um 91%. Þar af nýttu sér 1.119 nemendur stuðningsúrræði með lengdum próftíma og upplestri. Það eru u.þ.b. 29% af þeim sem tóku prófið.

Áberandi er aukning milli ára í fjölda nemenda sem nýta sér stuðningsúrræði. Sá fjöldi er um 28% fyrir báða árgangana.



Mynd 1. Notkun stuðningsúrræða eftir fæðingarári.

## SAMANTEKT

Fyrirlagnirnar gengu vel og almennt gætti ánægju meðal kennara og nemenda með hvernig til tókst. Flest mál voru leyst hratt og auðveldlega.

Eftirfarandi þættir stuðluðu að góðu gengi við undirbúning og framkvæmd prófanna:

**Skipulag verkefnis.** Frá upphafi var verkefnið skipulagt eins vel og kostur gafst miðað við þann tímaramma sem því var veittur. Allt frá fundum og kynningum með hagsmunaaðilum til útlits prófa og prófumhverfis fóru verkefnin í gegnum ákveðið vinnuferli þar sem reglulegir fundir voru haldnir til að upplýsa um framvinduna og gæta þess að verkefnið væri á réttri braut.

**Kynningarmál.** Menntamálastofnun stóð fyrir ellefu kynningarfundum um allt land í byrjun febrúar sem voru öllum opnir og auglýstir með tölvupóstum til skóla, á heimasíðu MMS og á Facebook-síðum stofnunarinnar. Að auki var boðið upp á þrjá fjarfundi. Dagsetningar og fyrirkomulag prófanna var auglýst á mms.is og Facebook og sent til skóla í byrjun janúar. Þá voru einnig foreldra- og nemendabréf send út til skólanna í lok janúar og sett á heimasíðu og Facebook-síðu MMS. Æfingapróf varð aðgengilegt og auglýst í sama mánuði.

**Æfingapróf.** Menntamálastofnun fékk leyfi framleiðenda prófakerfisins til að gefa út æfingapróf til að kennarar og nemendur fengju tækifæri til að kynnst prófakerfinu og venjast því betur að taka rafrænt próf. Stofnunin

fékk ekki leyfi til að hafa prófin í fullri lengd en reynt var eftir fremsta megni að hafa prófatriðin sem fjölbreyttust til þess að sýna nemendum hvers væri að vænta í prófi. Kennarar og nemendur gátu einnig æft sig í að skrá sig inn í kerfið en slíkt getur reynst vandasamt ef ferlið er óþekkt, sérstaklega í fjölmennari bekkjum.

**Gott samstarf við Assessment Systems.** Menntamálastofnun átti mjög gott samstarf við framleiðendur prófakerfisins. Brugðust þeir fljótt og örugglega við athugasemdum frá okkur og má geta þess að sumar athugasemdir komu upphaflega frá skólunum sjálfum í gegnum okkur.

## ÞAÐ SEM BETUR MÁ FARA

Þrátt fyrir að vel hafi tekist til að þessu sinni eru nokkur atriði sem þarf að greiða úr til þess að bæta rafræn próf enn frekar.

Skipting þriggja námsgreina í tvo prófhluta mæltist ekki vel fyrir hjá skólasamfélaginu. Í framtíðinni verður hugað að því að prófað verði úr hverri námsgrein í sér prófi.

Afar gagnlegt gæti verið að innleiða frekari varnagla við útskráningu að prófi loknu. Skoða þarf hvort tilefni sé til og möguleiki á að bæta við viðmóti sem biður notendur um að slá inn fjögurra stafa lykilorð við útskráningu til þess að koma í veg fyrir að nemendur skrái sig óvart út úr prófi. Það lykilorð gæti til að mynda fylgt prófkóða hvers nemanda og hefði kennarinn einn vitneskju um hann. Það yrði þá hlutverk kennara að láta nemendum kóðann í té að prófi loknu þannig að þeir gætu skráð sig út í fullri vissu um að hafa lokið prófinu.

Vandi var með Android-stýrikerfið en eins og áður var vitað virkar Veflás ekki enn á Android-tæki. Því er ekki mögulegt að leyfa skólum að leggja fyrir á slík tæki þar sem það ógnar öryggi prófanna. Menntamálastofnun mun fara þess á leit við framleiðendur að kannað verði frekar hvort hægt verði að gefa út lausnir fyrir Android-stýrikerfi þannig að þeir skólar sem eiga Android-tæki geti nýtt þau í framtíðinni við fyrirlögn rafrænna prófa.